

14. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

19

5. marz

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58, 28. janúar 1935, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

20

um breyting á reglugerð um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. 11. jan. 1935.

7. marz

3. gr. reglugerðar um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. 11. jan. 1935 hljóði svo:

Bannað er að flytja eða selja til útlanda íslenskan gjaldeyri, hvort heldur eru seðlar eða inneignir í bönkum, sparisjóðum eða hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum. En frjálsar skulu þær inneignir, sem myndast við sölu á erlendum gjaldeyri til bankanna. Skal pósthjórninni heimilt að láta framkvæma nauðsynlegt eftirlit með bréfa- og bögglasendingum, til þess að tryggja það, að íslenskir peningar séu ekki fluttir í pósti.

Fjármálaráðuneytið, 7. marz 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

21

um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl.

13. marz

Samkvæmt lögum nr. 30, 9. janúar 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn Raftækjaeinkasölu ríkisins og frá 1. júní 1935 má enginn nema hún flytja hingað til lands frá útlöndum neina af vörutegundum þeim, sem hér eru taldar á eftir: